

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 21. september 2023 samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna lóðanna við Þorraholt 2-4:

Hnoðraholt norður – Þorraholt 2-4, deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að lóðir Þorrahólts 2 og 4 eru sameinaðar í eina lóð með tveimur byggingarreitum. Á byggingarreit 4 er gert ráð fyrir hálfniðurgrafinni hæð og tveim hæðum neðanjarðar fyrir bílageymslur austan við reit meðfram Vetrarbraut. Gert er ráð fyrir 150 bílastæðum ofanjarðar og 500 bílastæðum í bílageymslu ásamt 0,5 hjólastæðum fyrir hverja 100 m² verslunar- og þjónusturýma. Þjónusturými og bílageymslurými færast til og hæðafjöldi breytist innan byggingarhæða og byggingarmagns. Byggingarreitur fyrir spenn- og dælistöð færast neðar í götu.

Að öðru leyti gilda áður útgefnir skilmálar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 16. nóvember 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 17. nóvember 2023